

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2024
E-2024-101/00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um matsáætlun fyrir vikurnám á Búrfellshólmum

Vísað til mál nr. 244/2024, Vikurnám við Búrfell, sem auglýst er til umsagnar í Skipulagsgátt. Tilefni matsáætlunarinnar er að Hólasmári ehf. áformar efnistöku á Búrfellshólmum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða efnistöku í framhaldi af svæði sem áður var nýtt af öðrum framkvæmdaraðila til námuvinnslu sem lagðist af fyrir nokkrum árum. Landsvirkjun hefur kynnt sér matsáætlunina og þakkar tækifærlið til umsagnar.

Landsvirkjun bendir á að fyrirtækið er stórr hagsmunaaðill á fyrirhuguðu námuvinnslusvæði og rekur þar stærsta orkuvinnslusvæði landsins. Á vatnsviði Þjórsár eru alls sjö vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur, ásamt þremur stórum uppistöðulónum, miðlunarlonum og öðrum mannvirkjum en samanlagt af vatnsaflsstöðvanna er 1040 megavött. Svæðið er enn í þróun og er þar bæði um að ræða stækkanir á númerandi virkjunum ásamt virkjunarkostum í undirbúnungi, s.s. Búrfellslundi og Hvammsvirkjun.

Með tilliti til mikilvægi svæðisins fyrir raforkuvinnslu og þar með raforkuöryggi Íslands, gerir Landsvirkjun athugasemd við að ekki hefur verið haft samráð við fyrirtækið um möguleg áhrif efnistökuáforma á rekstur fyrirtækisins, notkun innviða þess eða öryggismál starfsmanna Landsvirkjunar og ferðamanna um svæðið.

Fyrirhuguð nýting á innviðum og mannvirkjum Landsvirkjunar

Í matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra innviða vegna umferðar, heldur er gert ráð fyrir að nýta númerandi innviði. Landsvirkjun bendir á að þeir innviðir eru mestu í eigu og umsjón Landsvirkjunar. Númerandi aðkoma inn á námuvinnsvæðið er í gegnum nýtingarsvæði Landsvirkjunar skv. samningi við íslenska ríkis, auk þess sem nýta á mannvirki í eigu Landsvirkjunar til að koma efni til og frá námasvæðinu. Mannvirklin sem um ræðir eru m.a. vegir, brú yfir Bjarnalón og stjórnlokur yfir Bjarnalón. Stjórnlokur stýra vatnsmagni inn í Bjarnalón og eru mikilvægur hluti af stjórnkerfi virkjana á svæðinu. Ekki hefur farið fram mat á því hvort eða hversu mikla umferð mannvirkín þola. Gera má ráð fyrir aukinni slysahættu í kjölfar aukinnar umferðar og þar með aukinni hættu á skemmdum á mannvirkjunum. Slik atvik gætu haft áhrif á orkuvinnslu á svæðinu en ekki verður séð að gert sé ráð fyrir því að meta áhrif framkvæmdarinnar á orkuvinnslu og raforkuöryggi í matsskýrslunni.

Fyrri reynsla af efnisflutningum og aukið álag á svæðinu

Líkt og fram kemur í matsáætlun var á árum áður námuvinnsla á sama svæði þar sem innviðir Landsvirkjunar voru nýttir við efnisflutninga. Að mati Landsvirkjunar var reynsla af þeim efnisflutningum ekki góð og gefur það fyrirtækini aukið tilefni til að óska eftir frekari greiningu. Við fyrri efnisflutninga komu t.d. upp vandamál tengd umferð og umferðarhraða um mannvirki fyrirtækisins. Reynt var að setja hraðatakmarkanir sem erfiolega gekk að framfylgja og hefur Landsvirkjun áhyggjur af umferðarhraða fyrirhugaðra flutninga yfir mannvirkin.

Landsvirkjun bendir enn fremur á að þrátt fyrir að umferð vegna vikurnáms verði áþeppk fyrri námuvinnslu, má gera ráð fyrir auknum umferðarþunga á svæðinu frá fyrri til, ekki síst í ljósi uppbyggingsar ferðaþjónustu. Álag á vegum á svæðinu er nú þegar mikil og ljóst að gera þarf endurbætur á þeim ef auka á umferðina.

¹ Sjá fylgiskjal 7 í samningi [Landsvirkjunar og ríkisins](#)



ekki síst til að auka öryggi vegfarenda. Gera má ráð fyrir meiri slysahættu í kjölfar aukinnar umferðar og þar með aukinni hættu á skemmdum á mannvirkjunum, sem gætu haft áhrif á orkuvinnslu á svæðinu.

Þá er óljóst hver myndi bera ábyrgð og/eða skaðabótaskyldu vegna tjóns sem gæti orðið. Skýra þarf hvort Landsvirkjun beri ábyrgð á að mannvirkni og vegir standst þungaflutninga vegna atvinnurekstrar þrátt fyrir að hönnun hafi ekki tekið mið af slíkri notkun. Auk þess sem álitamál er hvort framkvæmdaraðill bæri ábyrgð gagnvart Landsvirkjun ef til kæmu skemmdir á mannvirkjum eða vegum, með tilheyrandí áhrifum á orkuvinnslu, sem rekja mætti beint til aukinnar umferðar, ógætilegs aksturs eða slysa. Landsvirkjun bendir á að þessi atriði þurfi að skoða frekar í mati á umhverfisáhrifum.

Þörf á frekari greiningum vegna fyrirhugaðs vikurnáms

Með vísan í ofangreint óskar Landsvirkjun eftir að gerð verði greining á því hvort þörf sé á uppbyggingu nýrra samgönguinnviða. Sú þarfagreining takl mið af umferðarþunga í ljósi vikurnámsins, aukins ferðamannafjölda, núverandi starfsemi Landsvirkjunar og annarra aðila, auk fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Komi til byggingar nýrra mannvirkja þarf að taka tillit til starfsemi og reksturs Landsvirkjunar á svæðinu.

Í matsáætlun er fjallað um umhverfisþætti og fyrirhugaðar áherslur í umhverfismatsskýrslu. Landsvirkjun bendir á að í kafla 4.5.3 um umhverfisþáttinn Samfélag og atvinnulíff er ekkert minnst á þá orkuvinnslu sem fyrir er á svæðinu. Landsvirkjun óskar eftir því að í matsskýrslunni verði umfjöllun um þennan þátt og metin hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á orkuvinnslu og raforkuöryggi landsins.

Landsvirkjun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfullst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Jóna Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri samfélags og umhverfis

Qualified Electronic Signature

SVERRIR ADALSTEINN JÓNSSON
2024-04-05 12:54:33 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature

AXEL BENEDIKTSSON
2024-04-05 12:55:31 GMT
GoPro



Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2024
UST202403-079/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun - Vikurnám við Búrfell

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlysing

Umhverfismat þetta nær til efnistöku úr Búrfellshólum sunnan við aflagt efnistökusvæði. Framkvæmdaraðila er heimilt að vinna allt að 300.000 m³ af efni á ári, eða 4,5 milljón m³ af efni á 15 árum samkvæmt samningi, en óvist er að hægt sé að vinna svo mikil efni á hverju ári. Nánar verður fjallað um vinnslutíma og efnismagn í umhverfismatsskýrslu. Í ljós þess að áformuð efnistaka er meiri en 500.000 m³ og yfir 25 ha svæði raskað þá er framkvæmdin matsskyld samkvæmt tl. 2.01 og tl. 13.01 í fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun tekur undir að áhrifaþættir verkefnisins séu jarðfræði, ásýnd, samfélag, umferð, loftslag, gróður, vatnafar, loftgæði og hljóðvist.

Verkefnið

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verkefnið sem vel afmarkað og skýrt í matsskýrslu.

Í matsáætlun er fjallað, auk efnistökunar, um mögulega efnisvinnslu: „Efni er flutt beint frá námunni niður á láglendið þar sem það verður fullunnið og því myndast ekki stór lager af efni. Ekki liggur fyrir frekari staðsetning á vinnslu efnisins en efnið verður mulið, þvegið og harpað í viðeigandi stærðir en nánar verður fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatsskýrslu“

Einnig er fjallað um í matáætlun um mögulega framleiðslu á sementi í Evrópu: „Sé vikurinn fluttur út til framleiðslu á sementi fylgir því tilheyrandi kolefnislosun.“ Matsspurningar undir loftslag eru: „a) Hvað er áætlað að það dragi mikil úr kolefnislosun við sementsframleiðslu við það að nota vikur í stað sementsklinkers? b) Hvað er áætluð kolefnislosun við það að flytja vikur frá námu til viðskiptavina í Evrópu?“ Umhverfisstofnun bendir á að sementsvinnsla í Evrópu er ekki undir í þessari framkvæmd heldur vikurnám við Búrfell.

Gróðurfar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að vernd á grónum bökkum Þjórsár og Bjarnarlækjar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Að matí Umhverfisstofnunar ætti að fjalla nánar um afmörkun vinnslussvæðisins með tilliti til árbakkanna.

Vatnamál

Umhverfisstofnum telur mikilvægt að fjallað sé um vatnafar á svæðinu og áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Eins og framkvæmdin er lögð fram í matsáætlun mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á Þjórsár¹ og Bjarnarlæk². Hins vegar ef framkvæmdin mun hafa áhrif á vatnshlotin þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Efni er flutt beint frá námunni niður á láglendið þar sem það verður fullunnið og því myndast ekki stór lager af efni. Ekki liggur fyrir frekari staðsetning á vinnslu efnisins en efnið verður mulið, þvegið og harpað í viðeigandi stærðir en nánar verður fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatsskýrslu

Frágangur

Umhverfisstofnun telur að vegna efnistöku af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er sé nauðsynlegt að fyrir liggi fastmótaðar hugmyndir um útlit svæðisins og þeirra mannvirkja sem þar verða að efnistöku lokinni, en ekki að loknu matsferli í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Loftgæði

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði frá umferð. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Virðingarfyllst,

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-777-R>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-852-R>

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 4. apríl 2024
2403013HS SHJ

Efni: Vikurnám við Búrfell, nr. 0244/2024 - umsögn um kynningu matsáætlunar

Þann 5. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðar vinnslu vikurs á Búrfellshólmum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett syðst á Búrfellshólmum austan við Búrfell og sunnan eldra efnistökusvæðis á sama stað. Efnistökusvæðið, sem afmarkast af Bjarnalæk til vesturs og Þjórsá til austurs, er um 189 ha að stærð, en eldra efnistökusvæði, E33, er um 150 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að vinna allt að 300.000 m³ af efni á ári yfir 10-15 ára tímabil, alls um 4,5 milljónir m³. Efnið verður flutt af svæðinu niður á láglendið til frekari vinnslu en ekki verður hægt að vinna efni úr námunni yfir vetrartímann vegna aðstæðna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matsáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Í kafla 4.5.2.3 bls. 29 kemur fram að lagt verði mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og efnistöku á aðliggjandi svæði. Gera má ráð fyrir að þar sé átt við eldra efnistökusvæðið E33 sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði, en austan Þjórsár í Rangárþingi ytra fer einnig umfangsmikið vikurnám.

HSL telur að ástæða sé til skoða vikurnám austan Þjórsár m.t.t. samlegðaráhrifa framkvæmdanna á landslag og sjónræna þætti, ferðamennsku og útivist sem og vegna foks og hljóðvistar.

- Í kafla 4.5.3.2 bls. 30 kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að meta hver möguleg áhrif framkvæmdanna geta orðið á ferðamenn og útivist þar sem efnistaka hefur verið stunduð á svæðinu í áratugi og ekki talið líklegt að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði neikvæðari á þennan umhverfisþátt með áframhaldandi efnisvinnslu.



HSL telur hins vegar að ástæða sé til að meta áhrif aukinnar efnisvinnslu á umhverfispáttinn ferðamennsku og útvist, þar sem fjöldi ferðamanna eykst með ári hverju og í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjöldi gönguleiða og áningarástaða sem draga að sér ferða- og útvistarfolk.

- c) Í matsáætluninni kemur fram að efnið úr vikurnámunni verði flutt niður á láglendið þar sem efnið verður fullunnið, þ.e. malað, þvegið og harpað. Staðsetning á vinnslunni liggji ekki fyrir en nánar verði fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatsskýrslu.

HSL telur að mikilvægt sé að staðsetning fullvinnslu vikursins liggi fyrir sem fyrst í matsferlinu og að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum og mótvægiságerðum vegna fullvinnslunnar í umhverfismatsskýrslu, enda er um tengdar framkvæmdir að ræða.

Embættið telur að öðru leyti að tillagan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfispáttum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna, þ.m.t. hörpun og mölun, starfsleyfi skv. tölul. 112 í viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0011
SS/IAS/LA

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna vikurnáms við Búrfell.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 5. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna framkvæmd Hólasmára ehf. á áframhaldandi vikurnámi á Búrfellshólmum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni komi fram flest það sem nauðsynlegt er. Um verulega stækkun á efnistökusvæði er að ræða og ljóst að umhverfisáhrif af stækkuninni verða mikil. Mjög víðáttumikið svæði verður fyrir beinu og óafturkraefu raski. Ásýndaráhrif framkvæmdarinnar verða umtalsverð. Vissulega er um stækkun á núverandi efnistökusvæði að ræða sem er heppilegra en að opna nýtt efnistökusvæði annars staðar en umfang framkvæmdasvæðisins er verulega stórt og með svo mikilli stækkun er líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir tölverðum neikvæðum áhrifum. Huga þarf vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og samfélagsleg áhrif af því.

Eitt af því sem fjallað verður um er hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttáð til þessa. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta mjög mikilvægt því ef myndir frá Loftmyndum ehf (myndir frá 2022) eru skoðaðar sést að fyrra námusvæði er illa útlítandi og sá frágangur sem þar var viðhafður ekki til fyrirmynndar. Fjalla þarf betur um hvernig frágangi verður háttáð, líka hvort vinnslan verði áfangaskipt og gengið endanlega frá eftir hvern áfanga, og hvort einhver landgræðsla sé fyrirhuguð.

Gera þarf betur grein fyrir afmörkun vinnslusvæðisins en gera þarf ráð fyrir jaðarsvæði bæði við Bjarnarlæk og Þjórsá. Skoða þarf hvort það minnki ekki ásýndaráhrif ef jaðarnir eru óraskaðir og halli hafður aflíðandi frá óröskuðu svæði ofan í námubotn.

Fuglalif og gróðurfar svæðisins hefur verið kannað nýlega og Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að ekki sé þörf á frekari athugunum. Þótt gróðurlendi sem verði fyrir raski séu ekki metin með hátt verndargildi ætti engu að síður að ræða í umhverfismatsskýrslunni mótvægisáðgerðir við því tapi á gróðurþekju sem verður s.s. landgræðslu.

Tekið er undir ábendingu í umsögn Fiskistofu frá 15. mars 2024 um að það vanti betur umfjöllun um hvort framkvæmdin geti haft áhrif á lífríki Þjórsár.

Náttúrufræðistofnun telur að fjalla þurfi um fok frá svæðinu og áhrif á t.d. ásýnd svæðis, gróðurfar í nágrenni og samfélagsleg áhrif.



Náttúrufraðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Minjastofnun
Íslands

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavík 16. apríl 2024
MÍ 202403-0059 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Vikurnám á Búrfellshlónum.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið Hólasmári ehf. áformar efnistöku á Búrfellshólum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða efnistöku á landskika í beinu framhaldi af fyrrverandi námuvinnslu á Búrfellshólum. Ályktað er að um 4-5 milljón m³ sé vinnanlegt úr landskikanum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Fjallað er um fornminjar í kafla 4.5.6 í matsáætlun. Þar segir að ekki sé vitað um fornminjar innan framkvæmdasvæðisins en að Tröllkonuhlaup sé staðsett við árbakka Þjórsár rétt utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Árið 2021 voru fornleifar í Þjórsárdal og á nærliggjandi jörðum skráðar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla II: Þjórsárdalur og nærliggjandi jarðir*. Fyrirhugað námuvinnslusvæði á Búrfellshólum er innan skráningarsvæðisins. Einu fornleifarnar sem skráðar voru innan svæðisins var áðurnefnt Tröllkonuhlaup (ÁR-673:118) sem tengist þjóðsögu um tvær tröllkonur sem bjuggu sín hvoru megin við Þjórsá og Rangá.

Skráningin frá 2021 er ekki gerð með þeirri nákvæmni sem viðhafa þarf þegar unnin er fornleifaskráning vegna deiliskipulags eða tiltekinnar framkvæmdar. Í matsáætlun segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði tekið út í vettvangsferð af fornleifafræðingi og allar fornminjar skráðar. Í umhverfismatsskýrslu verði gert grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og mat lagt á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornminjar. Eftir fremsta megni verði reynt að draga úr eða koma í veg fyrir áhrif á fornminjar ef niðurstaða mats er að þær verði fyrir mögulegum áhrifum. Minjastofnun minnir á að í umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að sýna útlínur og staðsetningu fornleifa á loftmynd/korti

Vakin er athugli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnavalds. Jafnframt er vakin athugli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskad eftir skriflegum rökstuðningi stjórnavalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðunumini þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal vera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnavald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

ásamt útlínum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis til að auðvelt sé að sjá áhrif framkvæmdarinnar á fornleifarnar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera mégi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.* Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Jóhanna Hrund Einarsdóttir (johanna.h.einarsdottir@skipulag.is)



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Selfossi 4. apríl 2024

Málsnúmer: 2024-03-0103

Efn: Vikurnám á Búrfellshólum.

Skipulagsstofnun hefur leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar fyrir vikurnám á Búrfellshólum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Meðfylgjandi var matsáætlunin¹.

Þar kom fram að í umsögn skuli koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveltendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Um er að ræða efnistöku við svæði sem nú þegar hefur verið raskað vegna vikurnáms. Framkvæmdaraðili er Hólamári ehf. Áætlað er að efnismagn verði 4 - 5 milljón m³ og unnið verði efni í 10 ár með möguleika á fimm ára framlengingu ef náma verði ekki uppurin.

Umsögn: Ekkert er fjallað um áhrif á fiska og annað vatnalíf í matsáætluninni og mögulegum áhrifum námuvinnlunhar á vatnalífríki. Við hlið námunnar er Bjarnalækur og þar er urriða að finna². Bjarnalækur rennur til Þjórsár og þar lifir einn stærsti laxastofn landsins³. Gera þarf grein fyrir áhrifum starfseminnar á lífríki í vatni bæði í Bjarnalæk og í Þjórsá. Þar þarf m. a. að koma fram bein áhrif vegna vikurnámsins og hættu sem getur staðað af mengun vatns vegna tækja sem unnið er með vegna vikurnámsins.

Virðingarfyllst,

Benóný Jónsson, sérfræðingur á Ferskvatns- og eldissviði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 15. mars 2024
Tilv. 2024-03-05-0300/2.4.1

Efni: Varðar matsáætlun vegna vikurnáms í Búrfellshólmum

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 5. mars sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi matsáætlun vegna vikurnáms í Búrfellshólmum, mál nr. 244/2024.

Óljóst er hvort framkvæmdir muni hafa áhrif á lífríki í Þjórsá. Gera þarf betur grein fyrir því hvort og hver hugsanleg áhrif gæti orðið á lífríki og fiskstofna í Þjórsá í mati á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa bendir jafnframt á að vegna kynntra áforma kann að þurfa að taka mið af ákvæðum í lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Jóhanna Hrund Einarsdóttir,
Sérfræðingur, Svið umhverfismats
johanna.h.einarsdottir@skipulag.is



Umsögn vegna breytinga á matsáætlun Vikurnáms við Brúfellshólma, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Tilvísun: Vikurnám við Búrfell - umsagnarbelöni vegna breyttra áformra frá matsáætlun.

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar breytingu á framkvæmdarlýsingu vegna matsskyldufyrirspurnar fyrir vikurnám á Búrfellshólum, Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem unnið er af Eflu verkfræðistofu dags 24.04.2024.

Síða 1/1

Vegagerðin hefur yfirfarið breytingu á framkvæmdarlýsingu í matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir efnistökum, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Samhliða vikurnámi í Búrfellshólum er þörf á vegagerð fyrir efnisflutninga til og frá efnistökusvæðinu. Breytingin felur í sér að í stað þess að nota mannvirkri Landsvirkjunar yfir Bjarnarlón fyrir flutninga verður lagður slóði yfir farveg Þjórsár og komist þaðan upp á Landveg í stað Þjórsárdalsvegar.

Vegagerðin hefur í fyrri umsögn dags 2. apríl 2024 gert grein fyrir kröfu í samræmi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar um tengingu slóðans við Landveg. Skulu sjónlengdir vera 300 metra hvoru megin við vegamótin. Með staðsetningu slóðans í framlagðri tillögu eru þær kröfur uppfylltar.

Vegagerðin
Sudurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
Vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeldgnup@skeidgnup.is

Árnesi, 6. júní 2024

Fundanúmer: F202405-0022

Skipulagsstofnunar
Bt. Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Á 45. Sveitarstjórnarfundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 5.6.2024 var eftirfarandi bókað :

Vikurnám við Búrfell - umsagnarbeiðni vegna breyttra áforma frá matsáætlun
Lögð fram beiðni um umsögn vegna breytingar á framkvæmdalýsingu frá kynntri matsáætlun
vikurnáms við Búrfellshólma.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur engar athugasemdir um boðaðar breytingar og
telur þær vera jákvæðar með tilliti til umhverfisáhrifa. Að öðru leyti vísar sveitarstjórn í fyrri
umsögn um málið.

Það tilkynnist hér með

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Hrönn Jónsdóttir